FRÉTTABRÉF

# FÁSES



OGAE ICELAND

2017

# FÁSES
OGAE ICELAND

Kæri félagi,

í höndunum hefurðu spriklandi hresst fréttabréf FÁSES sem er það sjötta frá upphafi. Það er fátt sem frekar boðar vorið en að fletta í gegnum fréttabréfið og finna tilhlökkunarstrauminn hríslast um sig og allar taugar spennast upp:

**ÞAÐ ER AÐ KOMA EUROVISION!**

Í fréttabréfinu í ár er eins og venjulega fjallað um framlögin í ár, sem eru 42 talsins, að ógleymdum frábærum athugasemdum frá félögum og öðrum valinkunnum álitsgjöfum sem eru jafnómissandi og vindvélin á stóra sviðinu. Einnig höldum við áfram að upplýsa um tölfræði aðdáendaklúbbanna og hér má á eftir finna samantektir yfir fjölda allra aðdáendaklúbba sem tilheyra OGAE-netinu sem og samantekt um kosningafyrirkomulagið í Eurovision sem er fróðlegt að glöggva sig á. Starf FÁSES á Akureyri er orðið mjög stöndugt og þar hittast öflugir félagar reglulega og fjalla þeir um starfið í pistli. Annar pistill er frá Sveini Rúnar Sigurðssyni, FÁSES-félaga, sem er einnig þekktur undir heitinu Dr. Eurovision, en hann hefur verið áberandi í Söngvakeppninni sem og Eurovision sem lagahöfundur og hefur átt tvö af Eurovision-framlögum Íslands í gegnum tíðina. Sem sagt: hlaðborð af áhugaverðu efni í fréttabréfinu í ár!

Eins og önnur ár, var starfsár FÁSES 2016 mjög viðburðaríkt. Fastir viðburðir skipuðu sinn sess og þar er átt við barsvar, Eurovision-karaoke, fréttabréfsútgáfu og glæsilegar Júró-Stiklur þar sem Greta Salóme heiðraði samkomuna með flutningi og spjalli. FÁSES hélt rækilega upp á 30 ára afmæli Söngvakeppni Sjónvarpsins, efndi til risastórrar kosningar meðal félaga (úrslit hennar tíunduð í fréttabréfinu 2016), hélt úti fjölbreyttri umfjöllun á fases.is og hélt stórt fyrirpartí í húsakynnum Silent á Suðurlandsbraut þaðan sem gengið var fylktu liði í Laugardalshöllina á lokakvöld Söngvakeppninnar. Mest púður fór að sjálfsögðu í undirbúning fyrir Eurovision-keppnina sjálfa eins og endranær. Ríflega 80 félagar fengu miðapakka á vegum FÁSES á keppnina í Stokkhólmi síðastliðið vor og ferðin var stórvel heppnuð í alla staði. Hittingur var fyrir fyrri undankeppnina á útiveitingastað í Mosebacke og hitað upp fyrir kvöldið í glaðasólskini og stemmingu. Á aðalfundi OGAE International var Laufey Helga Guðmundsdóttir, stjórnarkona í FÁSES, kosin ritari samtakanna og hefur því unnið gott starf með þeim í heilt ár þegar þetta er ritað, og býður sig fram á nýjan leik. Við erum mjög stolt af að eiga traustan fulltrúa innan stjórnar samtakanna.

Gleðilega hátíð, kæru félagar, og njótið komandi Eurovision-tíðar!
Við erum jafnóþreyjufull og þið að njóta alls sem fyrir augu og eyru ber og vonum að fréttabréfið hjálpi örlítið við andlegan undirbúning!



# Fólkið í FÁSES — og OGAE-klúbbunum

Í fréttabréfum undanfarinna ára höfum við skoðað dreifingu FÁSES-félaga um heiminn og búsetu úti fyrir landsteinana. FÁSES er hluti af OGAE-aðdáendaklúbbanetinu sem er starfrækt um allan heim og alls eru klúbbarnir 43 talsins. Til að verða fullgildur OGAE-klúbbur og hluti af OGAE-netinu þarf fyrst að starfa í eitt ár til reynslu (e. candidate member). FÁSES var samþykktur sem fullgildur OGAE-klúbbur í maí 2013 eftir að hafa verið í reynslu í eitt ár. Í fyrra voru klúbbar í Ungverjalandi og Ástralíu samþykktir til eins reynsluárs og verða að líkum lætur samþykktir í ár á ársfundi OGAE-netsins og þar með yrðu klúbbarnir 45 talsins.

Hér fyrir neðan sjást fánar þeirra klúbba sem hafa fleiri en 100 félaga. Fyrir neðan gefur að líta upplýsingar fyrir minni klúbba. Þessar upplýsingar eru fengnar úr tölfræðibanka OGAE-netsins og gætu í einhverjum tilvikum verið nokkuð gamlar. Þær gefa samt skemmtilega mynd af ólíkum klúbbum sem sumir eru talsvert stærri en FÁSES en margir eru mun minni.

Takið sérstaklega eftir klúbbnum Rest of the World sem er sameiginlegur aðdáendaklúbbur fyrir fólk sem býr í löndum þar sem ekki er starfræktur OGAE-aðdáendaklúbbur.

OGAE Finnland 1245

OGAE Bretland 1118

OGAE Rest of the world 1020

OGAE Þýskaland V 912
OGAE Þýskaland A 884

OGAE Spánn 701

OGAE Svíþjóð 540

OGAE Noregur 498

OGAE Danmörk 441

OGAE Ísland 392

OGAE Austurríki 380

OGAE Holland 368

OGAE Sviss 349

OGAE Frakkland 270

OGAE Írland 182

OGAE Ítalía 171

OGAE Ástralía 171 (candidate member)

OGAE Tyrkland 155

OGAE Ísrael 151

OGAE Belgía 150

OGAE Grikkland 143

OGAE Portúgal 104

OGAE Pólland 103

OGAE Serbía 102

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lúxemborg | 91 | Króatía | 40 | Makedónía | 25 |
| Kýpur | 75 | Rússland | 36 | Slóvenía | 21 |
| Andorra | 62 | Tékkland | 35 | Litháen | 20 |
| Malta | 55 | Armenía | 34 | Lettland | 20 |
| Hvíta-Rússland | 52 | Albanía | 28 | Búlgaría | 19 |
| Úkraína | 50 | Ungverjaland (candidate member) | 26 | Eistland | 17 |
| Aserbaídsjan | 47 | Slóvakía | 25 | Rúmenía | 9 |

# Söngvakeppnin 2017




Söngvakeppnin 2017 fór fram í febrúar og mars. Mikið var lagt í keppnina, tvær undankeppnir voru haldnar í beinni útsendingu í Háskólabíói og úrslitin sjálf við miklar dýrðir í Laugardalshöllinni. Alls kepptu 12 lög, sex á hvoru undankvöldi og af hvoru kvöldi fóru þrjú lög áfram í úrslit. Samkvæmt reglum keppninnar hefur framkvæmdastjórn hennar leyfi til að hleypa einu lagi til viðbótar í úrslitin. Það ákvað hún að gera að þessu sinni og var það lag Hildar, Bammbaramm sem fór áfram sem sjöunda lag í úrslitin.

Af fyrra undankvöldi voru það lögin Tonight (Nótt) eftir Svein Rúnar Sigurðsson í flutningi Aronar Hannesar, Again (Til þín) eftir Hólmfríði Samúelsdóttur í flutningi Arnars og Rakelar og Make your way back home (Mér við hlið) eftir Rúnar Eff í flutningi hans sjálfs sem komust áfram. Úrslitin komu mörgum nokkuð á óvart en flestir höfðu talið Hildi nánast örugga áfram auk þess sem Júlí Heiðar og Þórdís Birna með lagið Heim til þín þótti einnig líklegt að komast áfram. Í vikunni eftir keppni sköpuðust talsverðar umræður um tæknimál hjá RÚV og gagnrýndu nokkrir listamenn, m.a. Hildur, Júlí Heiðar og Unnur Birna bakrödd og fiðluleikari í laginu Heim til þín, hljóðblöndun í lögum sínum.



Svala fékk 79.570 atkvæði í einvíginu, eða 62,5% en Daði fékk 47.722 atkvæði.



Seinna undankvöldið tókst nokkuð betur hvað tæknina varðaði. Af því kvöldi voru það lögin Paper (Ég veit það), eftir Svölu og fleiri, í flutningi hennar, Hypnotised (Þú hefur dáleitt mig), eftir Þórunni Clausen og fleiri, í flutningi Arons Brink og Is this love (Hvað með það) eftir Daða Frey í flutningi hans sjálfs og Gagnamagnsins áfram í úrslitin.

Úrslitadagurinn 11. mars rann upp með fögru vetrarveðri. Uppselt var í Laugardalshöllina, bæði á dómararennsli að deginum og keppnina sjálfa um kvöldið. Mikið var um dýrðir í Höllinni því ekki nóg með að keppnislögin væru sterk og skemmtileg heldur má segja að kvöldið hafi verið stjörnum prýtt. Måns Zelmerlöv sigurvegar í Eurovision 2015 tróð upp. Flutti hann þrjú lög og þar á meðal auðvitað sigurlagið sitt Heroes. Annar sigurvegi Eurovision, Alexander Rybak, tróð óvænt upp og spilaði bæði á fiðlu með Grétu Salóme sem og flutti sigurlag sitt frá árinu 2009, Fairytale. Ekki var allt búið enn því Gréta Salóme, sigurvegi Söngvakeppninnar 2016, tróð einnig upp. Hún flutti að sjálfsögðu sigurlagið sitt, Hear them calling, en frumflutti einnig nýtt lag, My Blues, með tilþrifum.

Það ríkti mikil spenna í húsinu þegar tilkynnt var um niðurstöður símakosningar almennings og dómnefndar, sem að þessu sinni var alþjóðleg. Það voru lögin Is this love með Daða Frey og Gagnamagninu og Paper með Svölu sem stóðu hæst að því loknu og kepptu því aftur og þá gilti eingöngu símakosning. Eftir spennuþrungna bið tilkynnti loks Ragnhildur Steinunn að Svala og lagið hennar Paper hefði borði sigur úr bítum. Í kjölfar keppninnar voru svo niðurstöður símakosningar birtar og kom þar í ljós að ekki hafði eingöngu verið sett met í fjölda greiddra atkvæða heldur hafði Svala einnig farið með öruggan sigur.

Svala var þakklát að sigrinum loknum og sagðist hlakka til að keppa í Eurovision í Kænugarði í maí. FÁSES stendur að sjálfsögðu með henni og mun styðja hana og lagið alla leið til Kænugarðs.

# FÁSES á Norðurlandi



Fyrsti fundur FÁSES á Norðurlandi var haldinn haustið 2014. Upphafið má rekja til Stefáns Friðriks Stefánssonar og Höllu Ingvarsdóttur. Þau eru jafnaldrar, bjuggu bæði í Eurovisionbænum Dalvík sem börn og gengu þar í skóla með Matta Matt og Friðriki Ómari. Eftir að hafa nokkrum sinnum rætt um Eurovision á samfélagsmiðlum kom Stefán með þá hugmynd að kanna hvort fleiri áhugamenn væru norðan heiða. Í framhaldinu fékk Halla FÁSES til að auglýsa fund í einu fréttabréfi félagsins.

Það er skemmst frá því að segja að það mættu engir aðrir á þennan fyrsta fund sem fór fram á Bláu könnunni á Akureyri, en Stefán og Halla ræddu um Eurovision yfir kaffibolla dágóða stund. Auglýsingin hafði samt áhrif því Þorsteinn Jónsson, oftast kallaður Doddi, og Heiðrún Jóhannsdóttir höfðu samband við Höllu og sýndu málinu áhuga. Þau mættu bæði á næsta fund og þar með má segja að þetta væri orðið félag, þótt lítið væri. Hópurinn hefur stækkað smám saman síðan og nú hafa hátt í 20 manns mætt á viðburði félagsins og rúmlega 40 eru skráðir í hóp félagsins á Facebook. Síðan heitir FÁSES áhugafólk á Akureyri. Þar eru upplýsingar um viðburði, nýjar fréttir, pælingar og fjörug umræða.

Hópurinn hefur yfirleitt hist á kaffihúsi í spá og spjalli, en einnig hafa verið vídeókvöld. Í fyrra tóku sumir félagsmenn sig til og gerðu lista yfir 100 uppáhalds Eurovisionlögin sín. Fólk hefur endurskoðað listana í ár og fleiri skilað inn. Um daginn var gefinn út topp 10 listi yfir uppáhalds lög félagsmanna unninn úr topp 100 listunum. Hluti hópsins var samferða til Reykjavíkur á keppnirnar þar síðastliðin tvö ár og nokkrir fóru til Svíþjóðar síðasta vor. Doddi, Heiðrún, Halla og Stefán hafa aðallega séð um utanumhald, skipulagt viðburði, kynnt félagið út á við og haldið utan um skrár um spár og uppáhalds lög.

Í maímánuði, þegar þetta fréttabréf er að koma út, er að sjálfsögðu mikið um að vera. Það verður svokallað vídeókvöld sem að sumu leyti verður í stíl við Júró-Stiklur í Reykjavík. Þar verður spáð í spilin, rennt yfir nýju lögin og jafnvel verða gamlar perlur spilaðar. Í Eurovision-vikunni sjálfri verður allavega einn kaffifundur þar sem spáð verður í úrslitin. Doddi tekur saman og birtir heildarspá félagsmanna. Félagsmenn fjölmenna líka á aðra viðburði á Akureyri í þessari viku, tónleika með Eurobandinu í Hofi og Eurovision-partý á Café Amour. Þeir hafa einnig mætt á Eurovision Pub Quiz þegar þau hafa verið haldin. Það er líka eitt af því sem félagsmenn hafa velt fyrir sér, að halda sjálfir Pub Quiz og einnig þematengd kvöld. Til dæmis hafa stelpurnar talað um að hafa sérstakt kvöld tileinkað Il Volo. Hver veit nema það verði næsta vetur. Ef fleiri hafa áhuga á að slást í hópinn má finna félagið á Facebook FÁSES áhugafólk á Akureyri eða senda póst á hallai@simnet.is.










## ALBANÍA

**Titill: World (Botë)**
**Flytjandi: Lindita Halimi**
**Lag/texti: Klodian Qafoku/ Lindita og Big Basta**

Fyrir hönd Albaníu keppir í ár hin 27 ára gamla Lindita sem bar sigur úr býtum í Festivali i Këngës í desember síðastliðnum með lagið Botë sem var endurútgefið fyrir Eurovision og heitir nú World upp á ensku. Albanir hafa verið iðnir við að breyta lögunum, þar sem þeir eru langfyrstir til að velja og hafa því góðan tíma til að vega og meta lagið. Lagahöfundurinn, Klodian Qafoku, átti einnig framlag Albana í Eurovision árið 2006, Zjarr e ftohtë. Þetta var í annað sinn sem Lindita keppti í þessari albönsku tónlistarkeppni sem velur framlag þeirra í Eurovision, en árið 2014 varð hún í þriðja sæti. Stjarna Linditu skín skært í heimalandinu eftir að hún sigraði í tónlistarkeppninni Top Fest, en hún hefur m.a. komið fram með hljómsveit sinni Ngroba (Gróðurhúsaáhrifin) og unnið til fjölmargra verðlauna fyrir söng. Hún hefur einnig spreytt sig í vesturheimi og keppti í American Idol 2016 þar sem hún endaði í topp 25 úrtaki.



Albanía hefur verið með í Eurovision frá 2004 svo saga þeirra er frekar stutt. Þeirra besti árangur er 5. sæti árið 2012. Albanía komst ekki upp úr undanúrslitunum í fyrra og ég er hræddur um að það verði eins í ár. Þegar ég heyrði lagið fyrst var það á albönsku og mér fannst einhver sjarmi yfir því, það heillaði mig. Núna eftir að þeir breyttu laginu yfir á ensku gerir það ekkert fyrir mig og ég nenni yfirleitt ekki að klára það ef ég byrja á því. Lindita er góð söngkona en hún verður 4. á svið í fyrri undanúrslitunum og ég held að það muni ekki hjálpa. Lögin í fyrri undanúrslitum eru líka sterkari en í þeim seinni að mínu mati. Einnig er mikið af ballöðum í ár og margar betri en þessi svo ég held að Albanía sitji eftir í undanúrslitunum í ár.
- Kristján Eldjárn Sveinsson

We're so alike, yet different
At a loss for words, stutterin'
It don't make sense, what's happening
I just don't understand
Aaah Can u hear my painful cry
A battle just to be alive

What's this fight all for?
What's the cost of life In this world?
Almost impossible
Is let the love unite us all...

Does anybody care
I'm Weak and i'm afraid
Wondering if I
Will make it thru this day..
For the life of me
I refuse to be
Anything but free
But I'm tired of all the battling...

What's this fight all for?
What's the cost of life In this world?
All I ever really waaant
Is let the love unite us all...

Let the love Unite us all
Oooh, Oooh
Let the love unite us all

Wanna tell a story,
About a girl with history.
Take it from my heart it's gonna be your beat,
Take it from my soul it's gonna be your heat.

Many colors and shades,
So many voices to embrace,
All around.

Many stories and tales,
She took it all into her space,
Hear the sound.

Heee

Over deeps over hills,
She casts her wings and now it feels,
Love is one.

Flying high she became,
A sun who's love and light's the same,
For everyone.

Fly with me high oh high, with me high oh high,
Never stop believing that love will take us high.
Fly with me high oh high, with me high oh high,
Never gonna stop believing that love's for you and I.

Love, love is one

Fly with me high oh high, with me high oh high,
Never stop believing that love will take us high.
Fly with me high oh high, with me high oh high,
Never gonna stop believing that love's for you and I.





## ARMENÍA

**Titill: Fly With Me**
**Flytjandi: Artsvik**
**Lag/texti: Lilith og Levon Navasardyan/ Avet Barseghyan og David Tserunyan**

Söngkonan Artsvik var valin í lok árs 2016 til að flytja framlag Armena í ár. Ríkissjónvarpið AMPTV auglýsti eftir lögum fyrir hana og alls bárust um 300 lög. Lagahöfundarnir sem valdir voru eru ekki alveg ókunnugir Eurovision-keppninni því að þeir sömdu framlagið 2016, LoveWave, sem og framlag Armeníu í Junior Eurovision, Love. Líf Artsvik, sem er 33 ára gamall talmeinafræðingur og að mestu alin upp í Rússlandi, tók stakkaskiptum eftir að hún uppgötvaði tónlistarkonuna Whitney Houston ung að árum og hún vissi þá að hún ætti eftir að leggja tónlistina fyrir sig. Síðan hefur hún tekið þátt í ýmsum söngkeppnum og öðlast frægð og frama. Hún flutti til Armeníu aftur í fyrra og keppir fyrir hönd heimalandsins í Eurovision í ár þar sem hún fylgir eftir glæstum ferli Armena í Eurovision en þeir hafa verið í topp 10 í úrslitum í 6 af 10 keppnum undanfarinn áratug.



Þetta lag er alltof lengi að byrja finnst mér. Svoldið svona þjóðlegur taktur í gangi sem er alveg töff. Eftir 2 mínutur af laginu er það fyrst farið að gera eitthvað fyrir mig.. Lagið flýgur samt áfram í úrslit, það er enginn vafi.
- Eiríkur Hafdal





## ASERBAÍDSJAN

**Titill: Skeletons**
**Flytjandi: DiHaj**
**Lag/texti: Isa Melikov og Sandra Bjurman**

Elektróbandið DiHaj flytur framlag Aserbaídsjan í ár með Diönu Hajiyevu fremsta í flokki en bandið heitir eftir upphafsstöfunum í nafni hennar. Diana er menntuð í tónlist í Bretlandi og kynnist þar neðanjarðar tónlistarsenunni í raftónlist og söng í transtríóinu Looper & Mancus. Eftir að hún sneri aftur til heimalandsins 2014 stofnaði Diana DiHaj og hún hefur m.a. unnið með fyrrum Eurovision-keppandanum Elnur Huseynov. Hún reyndi sig við aserska forvalið 2011 en laut í lægra haldi fyrir Ell og Nikki en þess má geta að sama lagahöfundateymi er á bak við lag Asera nú og sigurlagið 2011 og hafa reyndar komið að mörgum framlögum Asera undanfarið (2010, 2014 og 2015). Aserbaídsjan er með sigursælli austantjaldsþjóðum í Eurovision og hafa alltaf komist upp úr undankeppninni frá því að þeir tóku fyrst þátt árið 2008.



Eftir að hafa hlustað á um 15 sekúndur af laginu fór ég að leita eftir því hvaða Svíi hefði komið að þessu því það heyrist langar leiðir. Hljóðheimur lagsins er orðinn verulega þreyttur og ofnotaður og ekki í takt við það sem er að gerast utan söngvakeppninnar í tónlist almennt. Textinn er ekki spennandi og heilt yfir gerði þetta ekki mikið fyrir mig. Ég gef þessu 5 vindvélar af 10 mögulegum.
- Sveinn Rúnar

Standing in a mirror lane wondering what, to do
Another day and gravity's got, got another hold of me
I never dreamed that this could be happening, not to me
But if he came falling down falling so hard, I started believing

Now I'm into daydreams
Amazed by thorn jeans
Deep into high extremes
When I'm with him it's fantasy
We're just like alchemy
Oh I feel ready

Have my skeletons
[I can only trick you once, bad boy]
Have my lungs, my millions
[Talk is cheap don't speak in tongues, bad boy]
Drum drum drum, bring out the guns
[Drum drum drum, bring out the guns, bad boy]
I'm so so cursed
[Fuss and fight won't get you tons]
Bad boy

The world is spinning faster by the minute and I'm longing to be saved
This bitter sweet sensation got a, got another hold of me

Now I'm stuck in daydreams
Surrounded by thorn jeans
Deep into high extremes
When we hook up it's fantasy
We're just like alchemy
I've never been so ready

(Viðlag)

It's been a long time running,
'Cause I had some things to see
I had to meet some people
Who were there to believe in me
I'm taking all that struggle,
Reminds me what I'm fighting for
I'm living it up,
I ain't gonna stop
'Till I make that final score

And I'll keep running
As fast as I can
I'll keep running
I won't stop, I won't stop, no, no

Hey now! If you push me down, I'll get up again
Hey now! If you let me drown, I'll swim like a champion
I'm sure, There'll be good times,
there'll be bad times,
But I don't care,
'Cause I'm running on air

Running, running,
yeah…

Give me a million reasons,
But my answer stays the same
You can try to put me in a box,
But I'm doing it my own damn way
See, I can't stand them talkers
All pretending that their live's a mess,
'Cause whatever you want,
Whatever you need,
You gotta get off your …

And I'll keep running
As fast as I can
I'll keep running
I won't stop, I won't stop, no, no
(Viðlag)

Hey, I'm running on air
Running, running on air
Running, running
Now I don't care

Hey now, If you push me down, I'll get up again
Hey now, hey now…

Yeah

(Viðlag)



## AUSTURRÍKI

**Titill: Running On Air**
**Flytjandi: Nathan Trent**
**Lag/texti: Nathan Trent og Bernhard Penzias**

Í ár valdi austurríska ríkissjónvarpið ORF að velja listamann til að taka þátt fyrir hönd Austurríkis í Eurovision og valinn var 25 ára gamall piltur frá Innsbruck sem hefur samhliða söng og lagasmíðum leikið í uppfærslum í Theater in der Josefstadt og lék hlutverk í stuttmyndinni „Eisland". Á samat tíma og hann var valinn var hann einn af 33 listamönnum sem val stóð um að flytja framlag Þjóðverja í Unser Song 2017. Um leið og valið fyrir Austurríki var ljóst var hann úrskurðaður úr leik fyrir Þýskaland þar sem sami keppandi má ekki keppa fyrir fleiri en eitt ríki skv. reglum EBU. Austurríki hlaut þann vafasama heiður að vera eina landið í Eurovision sem hlýtur engin stig árið sem þeir halda keppnina (2015).



Lagið Running on Air er algjör útvarpssmellur og minnir á mörg lög sem við höfum heyrt á öldum ljósvakans undanfarin ár. Það þyrfti aftur á móti frægari söngvara en Nathan Trent til að selja almenningi það, held ég. Þetta er sjarmerandi söngvari og ég held talsvert með honum, en ég er ekki alveg viss um að "running on air"-köllin í síðari hluta lagsins hljómi vel á sviðinu, gætu orðið hálfmjóróma eða jafnvel fölsk.
- Reynir Þór Eggertsson



## ÁSTRALÍA

**Titill: Don't Come Easy**
**Flytjandi: Isaihah Firebrace**
**Lag/texti: DNA (David Musumeci og Anthony Egizii) og Michael Angelo**

Eftir frábært gengi áströlsku flytjendanna sem tekið hafa þátt tvö ár í röð, fékk SBS ríkissjölmiðillinn í Ástralíu leyfi EBU til að keppa í þriðja skiptið. Þriðji flytjandi Ástralíu í Eurovision kemur úr 5000 manna smábæ rétt við Melbourne og er einungis 17 ára gamall. Isaihah, sem er af ættbálki frumbyggja Ástralíu, á 11 systkini og öðlaðist skjóta frægð í heimalandinu þegar hann vann í X Factor-keppninni 2016. Hann hefur einnig á lög á toppi vinsældarlista í Danmörku, Hollandi, Svíþjóð og Nýja-Sjálandi. Lagahöfundarnir DNA sömdu einnig lag Dami Im frá 2016, Sound of Silence. Þeir eru vinsælir í heimalandinu og verulega sjóaðir í bransanum en þeir hafa samið lög fyrir stjörnur á borð við Geri Halliwell og Ricky Martin.



Þetta er lag sem mér finnst ég hafa heyrt áður. Flott rödd samt, minnir mig svakalega á Sam Smith. Lagið er bara eiginlega líka of líkt Sam Smith stílnum finnst mér til að ég geti fílað það. Ekki það að mér finnist Sam Smith lélegur, mér finnst bara nóg að vera með einn svoleiðis. Ástralía var með betra lag í fyrra.
- Daði Freyr

I can tell by your eyes you want more than this
But can we be much more beyond these sheets
No I don't
Don't wanna mess with your head
But my love
It's hard to love again

It don't come easy
And it don't come cheap
Been burned too many times
To love easily
Don't mistake me
My love runs deep
But it don't come easy
It don't come cheap
No not with me

I used to move in fast to erase my past
But it never works no it never lasts no
In my mind
I gotta get things right
Take it slow
Before I jump this time

(Viðlag)

And if you think
I've got a heart of stone
You couldn't be more wrong
Ooh
You might think
I've been afraid too long
Afraid of love

But it don't come easy
Been burned too many times
To love easily
Don't mistake me
My love runs deep
But it don't come easy
It don't come cheap
No not with me
Ooh
No not with me
Ooh
Don't mistake me
My love runs deep
But it don't come easy
It don't come cheap
No not with me

All alone in the danger zone
Are you ready to take my hand?
All alone in the flame of doubt
Are we going to lose it all?

I could never leave
You and the city lights
I could never beat
The storm in your eyes
The storm in your bright eyes

All alone in the danger zone
Are you ready to take my hand?
All alone in the flame of doubt
Are we going to lose it all?

Love came in between
The space in the city lights
Only I receive
The stars in your eyes
The stars in your dark eyes

All alone in the danger zone
Are you ready to take my hand?
All alone in the flame of doubt
Are we going to lose it all?

Let's put some light into our lives
But keep the storm that's in your eyes
Let's put some light into our lives

All alone in the danger zone
Are you ready to take my hand?
All alone in the flame of doubt
Are we going to lose it all?



## BELGÍA

**Titill: City Lights**
**Flytjandi: Blance**
**Lag/texti: Pierre Dumoulin og Emmanuel Delcourt/Pierre Dumoulin and Ellie Delvaux**

Lag Belga í ár átti upphaflega að vera um fjögurra mínútna langt ambíent lag sem alls ekki var ætlað að keppa í Eurovision. Söngkonan Ellie, sem er 17 ára gömul og notar sviðsnafnið Blanche, var valin til að flytja framlag Belga eftir gott gengi í belgísku útgáfu af Voice og heillaði þar lagahöfundinn, Pierre Dumoulin úr hljómsveitinni Roscoe, svo upp úr skónum að hann hét því að vinna með henni og samdi lagið City Lights daginn eftir að hann hitti hana í fyrsta sinn. Textann sömdu þau í sameiningu. Lagið hefur þegar verið spáð mjög góðu gengi og veðbankar setja Blanche ofarlega á sína lista. Þannig er því háttað að frönskumælandi hluti Belgíu sendir inn Eurovision-framlög á oddatölu-árum (2013, 2015, 2017…) en flæmskumælandi á sléttum árum. City Lights er t.a.m. fyrsta og eina Eurovision-framlag Vallóníu (frönskumælandi hlutans) sem kemst inn á flæmsku vinsældarlistana (í hollenskumælandi hluta Belgíu) áður en keppnin hefur farið fram!



Mér finnst röddin hennar æðisleg og lagið er mjög ó-Eurovisionlegt. Sérstaklega í þeim sense að það eru engar sprengingar og það er frekar low key. Mér finnst þetta aðeins of mikið backgroundlag fyrir stóra sviðið, held ekki athyglinni lengi við það og held þess vegna að það verði að vera eitursvalt á sviði svo því gangi vel. Ég fagna þó alltaf current popptónlist í Eurovision!
- Hildur Kristín Stefánsdóttir



## BRETLAND

**Titill: Never Give Up On You**
**Flytjandi: Lucie Jones**
**Lag/texti: Emmelie de Forest, Daniel Salcedo (The Treatment) og Lawrie Martin**

Bretar tefla fram 25 ára gamalli velskri söng- og leikkonu í þessu sextugasta framlagi sínu til Eurovision-keppninnar, en stúlkan sú hefur átt góðu leikhús- og söngleikjagengi að fagna í heimalandinu frá því að hún kom fyrst fram á sjónarsviðið í X Factor 2009. Í lok janúar efndi BBC Two til kosningarinnar Eurovision: You Decide þar sem 6 flytjendur fluttu lög sín í beinni útsendingu og blanda símakosningar áhorfenda og 8 manna dómnefnd réðu úrslitum. Lagið er samvinna fyrrum sigurvegara Eurovision-keppninnar frá árinu 2013, þekkts dansks pródúsents og skosks lagahöfundar. Lucie bíður erfitt verkefni þar sem Bretland hefur átt á brattann að sækja undanfarið og bresku keppendurnir hafa síðustu tvö ár þurft að sætta sig við 24. sætið á úrslitakvöldinu.



Loksins ná Bretar þessu eftir mörg mögur ár í júró. Lucie Jones er ekki aðeins með allra bestu ballöðuna í ár heldur er þetta að mínu mati besta framlag Breta síðan Gina G. var og hét. Óhefðbundin ballaða í hálfgerðum söngleikja-stíl og Lucie flytur hana fullkomlega, túlkun hennar veldur standandi gæsahúð í 3 mínútur. Eitt af mínum uppáhalds í ár.
- Ástríður Margrét Eymundsdóttir

Tell me your secrets
I'll keep 'em safe
No sign of weakness, it's a sign of a faith
We'll stand tall
So you don't fall

You're not defeated
You're in repair
Don't have to call me I'll always be there
We'll stand tall
So you don't fall

If you could see how far you've walked
You would see that all's not lost

I will never give up on you
I don't care what I've got to lose
Just give me your hand and hold on
Together we'll dance through this storm

I will never give up on you
You're the one that I'm running to
Just give me your hand and hold on
Together we'll dance through this storm

Under the surface
I see you glow
I'm right beside you
You're never alone
Don't let go
When you're so close

If you could see how far you've walked
You would see that all's not lost

(Viðlag)

This madness
We're running through
There's magic
It's inside of you
It's madness
It's madness

Now you can see how far you've walked
The mountains climbed, the oceans crossed

(Viðlag)





## BÚLGARÍA

**Titill: Beautiful Mess**
**Flytjandi: Kristian Kostov**
**Lag/texti: Borislav Milanov, Sebastian Arman, Joacim Persson,Alexander V. Blay og Alex Omar**

Í ár valdi búlgarska ríkissjónvarpið BNT Kristian, sem er 17 ára gamall, og mun hann fylgja í fótspor Poli Genovu sem skilaði Búlgaríu sínum besta árangri hingað til, 4. sæti í úrslitunum. Stóra breikið hans Kristians Kostov sem er fæddur í Moskvu og byrjaði barnastjörnuferilinn þar, var árið 2014 þegar hann keppti í rússneska þættinum The Voice Kids og fékk Eurovision-stjörnuna Dima Bilan sem þjálfara. Eftir að hafa lent í öðru sæti í X Factor-keppninni í Búlgaríu 2015 hefur Kristian gefið út tvær smáskífur sem báðar hafa trónað á toppi búlgarskra og alþjóðlegra vinsældalista. Um leið og lagið hafði verið kynnt skaust Kristian á toppinn í veðbönkum og þegar þetta er skrifað situr hann þar í öðru sæti; fast á hæla ítalska framlagsins.



Lagið er þétt og röddin er mjög þroskuð hjá Kristian miðað við hvað hann er ungur eða 17 ára. Það virðist lítið vera að gerast í þessu lagi en það er samt eitthvað við það. Ef flutningur á sviði verður óaðfinnanlegur gæti þetta lag farið langt eða þá að það mun falla um sjálft sig. Lagið er fallegt en svolítið flatt.
- Heiðrún Jóhannsdóttir

When the world shakes us
trying to take us out of line
Fear of tomorrow
feelings we borrow for a time

Water so deep
how do we breathe
how do we climb?

So we stay in this mess
this beautiful mess tonight

And we don't have a thing to lose
no matter what they say or do
I don't want nothing more
our love is untouchable

Even in the line of fire
when everything is on the wire
Even up against the wall
our love is untouchable

Our love is untouchable!

When the colours turn grey
and the lights all fade to black again
Water so deep
how do we breathe
how do we climb?
So we stay in this mess
this beautiful mess tonight

'Cause we don't have a thing to lose
no matter what they say or do
I don't want nothing more
our love is untouchable

Even in the line of fire
when everything is on the wire
Even up against the wall
our love is untouchable

Oooo Ooooo Oooo No!

Even in the line of fire
when everything is on the wire
Even up against the wall
our love is untouchable

Our love is untouchable!





## DANMÖRK

**Titill: Where I Am**
**Flytjandi: Anja**
**Lag/texti: Anja Nissen; Michael D'Arcy; Angel Tupai**

Í raun mætti segja að keppendur Ástralíu séu tveir í ár, þar sem hin 21 árs gamla Anja Nissen er borin og barnfædd í Ástralíu en á danska foreldra. Hún hefur átt sér draum um að keppa í Eurovision frá barnæsku og um leið styrkja ræturnar við föðurlandið og ættingjana sem þar búa. Árið 2014 bar hún sigur úr býtum í áströlsku útgáfu af The Voice. Hún hefur notið mikilla vinsælda í heimalandinu og unnið þar með will.i.am úr Black Eyed Peas við gerð ýmiskonar danstónlistar. Danska undankeppnin Dansk Melodi Grand Prix var haldin í lok febrúar og eftir súperfinalinn, þar sem þrjú lög kepptust um farmiðann til Kænugarðs, hlaut Anja 64% greiddra atkvæða og var að vonum ánægð, enda laut hún í lægra haldi í fyrra fyrir Lighthouse X sem keppti fyrir hönd Danmerkur en komust ekki upp úr undankeppninni.



I like it, a nice pop song from Denmark. Although the verses sounds a bit 90s ballads, the chorus is modern and fresh, but maybe lacking that catchy tune we're looking for. I think it will go through to the final, and place somewhere in the middle.
- Sissel Irene Kristoffersen

You're lost in my game
But your love is repeating
Always around, you're never holding
me down
I know who you are
True colours are showing
Though my heart's bare
Always show you care

Putting up my walls so that I last better
Don't know why I do it because we're
together
Always holding back from you its on
my mind
Tonight I'm gonna try for you real
harder
Show you all the love I've held inside
Show you all the love I've held inside
Lets do it right

Tonight I'm gonna show you
Show you what you've done
I'm laying down my armour
Laying down my gun
Tonight I'm gonna hold you
Closer than before
So you know where I am
So you know where I am

I've known its not right
Just couldn't reveal it
Always closing up tight
And never releasing
Afraid and I fear to love
But you never let me go
I've held it in my heart
But now I'm letting you know

(Viðlag)

Putting up my walls so that I last better
I Don't know why I do it because where
together
Tonight I'm gonna try for you real
harder
Show you all the love I've held inside
Show you all the love I've held inside
Lets do it right

(Viðlag)

So you know where I am
(x 4)

Sleeping all alone
you wake up with a bottle in your hands
no sound of serenade cause we both know we lost our game

I was always high on loving you
before the romance turned to drama
like Romeo and Juliet once before
we are lost in Verona

Learning through the scars
will make you stronger time is the proof
I ´m not a loner kind
I know I just cant get over you

I was always trying to tell the truth
before the romance turned to drama
I hope the best in me was always you
before we lost our Verona

We are lost
lost in the crowd of the street
we are lost
like two sailing boats in the sea
we are lost
`cause sometimes we building and burning down love
we are lost our Verona

...
We lost and we found our Verona
....
We are lost in Verona

Reckless type of love,reckless type of love
we never said I`m sorry
we never said enough
this western type of woman; western type of man
disappeared in Verona





## EISTLAND

**Titill: Verona**
**Flytjandi: Koit Toome og Laura**
**Lag/texti: Sven Lõhmus**

Fyrir hönd Eistlands í ár keppa tvær fyrrum Eurovision-stjörnur sem aðdáendur muna eftir úr keppnunum árið 2005 (þegar Laura keppti í stúlknabandinu Suntribe með lagið Let's get loud og lenti þar í 20. sæti) og árið 1998 (þegar Koit sat við flygilinn og söng angurværa lagið sitt Mere Lapsed og hafnaði í 12. sæti). Þau hafa hingað til þrifist í ólíkum tónlistargeirum; Laura í djasssöng og teknói en Koit í söngleikjum og leikhústónlist. Lagið er innblásið af nýlegri ferð lagahöfundarins til ítölsku borgarinnar Verona og inniheldur að sögn nýmóðins sjónarhorn rægustu ástarsögu allra tíma, Róméó og Júlíu. Lagahöfundurinn Sven Lõhmus samdi einnig framlag Lauru frá 2005, þegar Eurovision-keppnin var síðast haldin í Kænugarði. Í fyrra komust Eistar ekki upp úr undankeppninni og því eru væntingarnar miklar sem Eurovision-kempurnar hafa í farteskinu þegar þær stíga á sviðið í síðari undankeppninni 11. maí.



Flytjendunum verður tíðrætt um hvað þau séu „lost" og ég varð það eiginlega líka, þegar ég átti að tjá mig um þetta lag af viti. Ástæðan er að mér finnst þetta hvorki fugl né fiskur. Alls ekki slæmt, svo þetta gefur mér engan veginn tækifæri til að hrauna yfir lagið með eftirminnilegum hætti en heldur engin snilld sem kallar á glimmerskotið oflof. Ég kann samt vel að meta danstaktinn í laginu, því fyrir mér er Eurovision fyrst og fremst eitt stórt partý! Ekki pissupása, en heldur ekki dansa-uppi-á-borðum-skemmtilegt.
- Hrund Þórsdóttir





## FINNLAND

**Titill: Blackbird**
**Flytjandi: Norma John**
**Lag/texti: Lasse Piirainen, Leena Tirronen**

Þau Lasse og Leena skipa dúettinn Norma John sem valinn var úr hópi 10 atriða í undankeppninni Uuden Musiikin Kilpailu (UMK) til að keppa fyrir Finnlands hönd í Eurovision í ár. Norma John hlaut 182 úr blandaðri kosningu símaatkvæða og alþjóðlegrar dómnefndar, en hana skipuðu fulltrúar frá Ísrael, Eistlandi, Frakklandi, Lettlandi, Noregi, Spáni, Svíþjóð, Úkraínu, Bretlandi - og Íslandi, en það var Hera Ólafsdóttir sem var formaður dómnefndar. Þau ku leika indípopp undir skandinavískum áhrifum og hafa unnið saman í 15 ár. Dúettinn stefnir að því að koma Finnlandi upp úr undankeppninni en Finnar hafa undanfarin tvö ár þurft að sitja eftir með sárt ennið þegar umslögin eru opnuð.



Ég veit ekki hvað hægt er að segja, þetta hlýtur að hafa verið erfiður vetur í Finnlandi. Úff, já ég held að Finnar séu staðráðnir í því að vinna ekki í ár.
- Einar Bárðarson

Blackbird blackbird don't sing to me
Don't sing below my window
Fly somewhere else don't bother me
Don't sing below my window

You sang when he was in my bed
You sang when my heart sang
Now you remind me of something I'll never have
So blackbird don't sing
Blackbird don't sing

Blackbird blackbird I am now alone
Somewhere else go make your home
Don't nestle here go find lovers of your own
I am now alone

You sang when he was in my bed
You sang when my heart sang
Now you remind me of something I'll never have
So blackbird don't sing
Blackbird don't sing
Blackbird don't sing

You sang when he was in my bed
You sang when my heart sang
Now you remind me of something I'll never have
So blackbird don't sing
Blackbird don't sing
Blackbird don't sing

Des amours meurent
Des amours naissent
Les siècles passent et disparaissent
Ce que tu crois être la mort
C'est une saison et rien de plus
Un jour lassé de cette errance
Tu t'en iras quelle importance
Car la Terre tournera encore
Même quand nous ne tournerons plus

Brú:
Embrasse-moi, dis-moi que tu m'aimes
Fais-moi sourire au beau milieu d'un requiem
Embrasse-moi, dis-moi que tu m'aimes
Fais-moi danser jusqu'à ce que le temps nous reprenne
Ce qu'il a donné

Will you take me to paradise
With you nothing ever dies
You take my smile and make it bright
Before the night erase the light
I won't go below silver skies
The only dark is in your eyes
On pleure mais on survit quand même
C'est la beauté du requiem

Les étincelles deviennent des flammes
Les petites filles deviennent des femmes
Ce que tu crois être l'amour
C'est un brasier et rien de plus
Nos déchirures, nos déchéances
On pense qu'elles ont de l'importance
Mais demain renaîtra le jour
Comme si nous n'avions pas vécu

(Brú)
(Viðlag)

Des amours naissent
des amours meurent
Ce soir enfin je n'ai plus peur
Je sais que je t'aimerai encore
Quand la Terre ne tournera plus
(x 2)

(Brú)

Embrasse moi tell me that you love me
Embrasse moi
(x 2)



## FRAKKLAND

**Titill: Requiem**
**Flytjandi: Alma**
**Lag/texti: Nazim Khaled og Alexandra Maquet**

Alma (Alexandra Maquet) ákvað eftir útskrift úr viðskiptafræði að snúa sér að ástríðunni, tónlistinni. Lagahöfundurinn Nazim Khaled samdi lag Amirs frá því í fyrra og semur öll lögin á væntanlegri plötu hennar Ölmu sem kemur út nú í vor í kjölfar Eurovision-keppninnar. Alexandra talar fjögur tungumál, er 28 ára, leikur á píanó og er nú búsett í París. Framlag Frakka hefur fengið mikinn meðbyr nú í aðdraganda keppninnar og minnir það um margt á æðið sem aðdáendur fengu á Amir hinum franska í fyrra og lagi hans, J'ai Cherché. Það skilaði honum 6. sætinu í úrslitunum og það verður spennandi að sjá hvort Alma nær að fylgja í fótspor hans.



Mér finnst lagið mjög skemmtilegt og áherslulétt sem kepnina vantar í ár. En ég er ekki sammála henni með að hafa hluta á ensku. Af því að það hljómar eins og hún sé að flýta sér, t.d. þegar hún segir „you take my smile and..." gæti hún sagt „take my smile", finnst lagið bara betra á frönsku. Skemmtilegt og gott lag.
- Þórður Túsan Alisson



## GEORGÍA

**Titill: Keep The Faith**
**Flytjandi: Tamara Gachechiladze**
**Lag/texti: Anri Jokhadze/Tamara Gachechiladze**

Tamara, eða Tako eins og hún er kölluð, segir boðskap lagsins vera einfaldan: Að hversu erfiðar sem aðstæðurnar séu, megi maður/kona ekki missa trúna og verði að trúa á sjálfa/-n sig og ekki gefast upp. Tako er gífurlega vinsæl í heimalandinu og varla hafa tónleikar verið haldnir í höfuðborginni Tbilisi á undanförnum árum þar sem hún hefur ekki troðið upp. Og hún er alls ekki ókunnug Eurovision-keppninni þó að framlagið sem hún söng í með hljómsveitinni 3G, We Don't Wanna Put In, hafi verið dregið til baka í keppninni 2009 af pólitískum ástæðum, þekkja margir aðdáendur það engu að síður. Lagahöfundurinn Anri er okkur flestum líka að góðu kunnur því að hann flutti framlagið óborganlega I'm A Joker í Baku 2012. Lagið og flytjandinn voru valin í blandaðri kosningu alþjóðlegrar dómnefndar og símakosningu og alls kepptu 25 lög í beinni útsendingu á sjónvarpsstöðinni GPB.



Nei, ég held ekki trúna. Þau vilja ofsa vel, senda „eurodramaballöðu" til leiks sem er samt bara ekkert varið í. Söngkonan heldur ekki mér trúnni í mér heldur, hún er mjög óstyrk í læv og á köflum sársaukafullt að hlusta á hana. Ég held að þau þurfi að kasta trúnni og fara að einbeita sér bara að næsta ári, þetta fer ekki áfram!
- Sigurður Þorri Gunnarsson

Who told you to get out of the way?
Don't you let them steal your dreams
Feel the courage spread your wings
and breathe

Keep the faith, keep the faith
Remember you are not alone
Hold my hand and come along you
Keep the faith, keep the faith
Don't let nobody turn you down
Even if the world is rough

Oh! oh! oh! oh!
Ooh! you got to stand on your own
Crowd hear me out!
Rússar völdu sitt framlag innbyrðis í ár, líkt og þeir hafa gert upp á síðkastið. Að þessu sinni var það hin 28 ára gamla Julia Samoylova sem var valin sem fulltrúi Rússa. Julia vakti fyrst athygli í heimalandi sínu árið 2013 við þátttöku sína í rússnesku útgáfunni af X Factor, þar sem hún lenti í öðru sæti. Í kjölfarið var hún valin til að koma fram á opnunarhátíð Vetrarólympíuleika fatlaðra sem haldnir voru í Sochi árið 2014. Höfundateymið á bak við lagið samdi mörg af framlögu Rússa undanfarin ár, þ.á m. What if (2013) og Million Voices (2015). Rússar hafa átt góðu gengi að fagna íkeppninni og tóku fyrst þátt árið 1994. Þeir hafa fram til þessa verið eina þjóðin sem alltaf tókst að tryggja sér sæti í úrslitakeppninni frá því að undankeppnafyrirkomulagið var tekið upp árið 2004.
Þann 13. apríl 2017 tilkynnti Rússland að framlag þeirra yrði dregið til baka. Ástæðan er deila Rússa við úkraínsk yfirvöld sem bönnuðu Juliu að ferðast til Úkraínu eftir að hún kom fram á Krímskaganum 2015. Samband evrópskra sjónvarpsstöðva fordæmdi úkraínsk yfirvöld í kjölfarið.



Framlag Rússa í ár er sætt en lagið greip mig ekki við fyrstu hlustun. Það sem vakti aðallega athygli mína við hlustun var að röddin virtist annaðhvort kraftlítil eða þá að það heyrðist of lítið í aðal söngkonunni því á tíma heyrist jafn mikið í henni og bakröddunum. Ekki í uppáhaldi hjá mér.
- Sólveig Ásgeirsdóttir



## SAN MARÍNÓ

**Titill: Spirit of the Night**
**Flytjandi: Valentina Monetta og Jimmie Wilson**
**Lag/Texti: Ralph Siegel, Jutta Staudenmayer og Steven Barnacle**

Framlag San Marínó var valið innbyrðis í ár, rétt eins og öll framlög þeirra hingað til. Að þessu sinni varð dúett fyrir valinu og er annar helmingur dúettsins engin önnur en góðkunningi Eurovision hún Valentina Monetta. Mun þetta vera í fjórða skiptið sem hún tekur þátt í Eurovision og mun hún því jafna met Elisabethar Andreassen og hinnar svissnesku Sue (Peter, Sue & Marc) yfir flest skipti sem kona hefur tekið þátt í keppninni. Sá sem mun syngja með henni er hinn bandaríski Jimmie Wilson. Gengi San Marínó hefur svo sem ekki verið upp á hið besta hingað til, en þjóðinni hefur einungis tekist að komast einu sinni upp úr undankeppninni síðan hún byrjaði að taka þátt árið 2008. Það var þó góðvinkonu okkar henni Valentinu sem tókst að koma fyrsta framlagi San Marínó í úrslitin, nú er bara að bíða og sjá hvort henni takist það í annað sinn.



4th Time lucky for Valentina? Probably not... Song OK but that's the problem it's just OK. Doesn't really take off at any moment even if the chorus is catchy enough. Unlikely to qualify in my view.
- Anthony Cige

- Hey, are you the one I dream about
- Baby I am
- I really feel the night
Can take away my doubt
- I'll try and do what I can
- Every time I see you smile –
There is sadness in your eyes
- well I've been hurt before
- I know it's nothing new - and time will make you realize
- We always wish for more
We find we're searching high and low
and always looking for the right time
Together we can make it through the night

It's the spirit of the night
Spirit of the night
Burning like St. Elmo's fire
Spirit of the night
Takes our feelings so much higher
- It's the spirit of the night
[- we can live our fantasy]
Spirit of the night
Burning in our ecstasy

- Hey, are you the one to take my pain
- just take my hand
- I've been so hurt before –
It's hard to trust again
- you know I understand
- You've got me feeling right - and I can see the future is bright
- I'll take your blues away
So no more searching high and low
and always looking for the right time
Together we can make it through the night

(Viðlag)
[- feed our deep desire
-it's a feeling – got me reeling
- we can live our fantasy
- It's a feeling, just a feeling]

- Time to celebrate our love – We're caught in it's ray of light
- calling to the world out loud just let our spirits fly
- we can write another page a golden age within our lifetime

(Viðlag)

Wish that I knew where I lost
Right where there's was no going back
The line was crossed
But I love what you're doing to me
How you spin me around
High off the ground
I'm not coming down

Won't somebody save me tonight
Feels like I've been sentenced to life
I'm falling so deep
I'm in too deep
I'm falling so deep
No escape, in over my head
Struck by every word that you said
I'm falling so deep
I'm in too deep
I'm falling so deep

Love doesn't seem to make sense
You just broke into my heart
Got no defence
And you just spin me around
High off the ground
I'm not coming down

(Viðlag)

Ohohoho
Ohohooo
Ohooooo
I'm falling so deep

I'm in lightning speed
And I cant slow down
My heart is racing
When you're around
Gonna fly so high till I hit the ground
Hit the ground

(Viðlag)

Ohohoho
Ohohooo SO DEEP
Ohooooo





## SERBÍA

**Titill: In Too Deep**
**Flytjandi: Tijana Bogićević**
**Lag/Texti: Borislav Milanov, Joacim Bo Persson, Johan Alkenas og Lisa Ann-Marie Linder**

Serbar völdu framlag sitt í ár innbyrðis og var valið tilkynnt í mars. Fyrir valinu varð hin 35 ára gamla poppsöngkona Tijana með danslagið In Too Deep. Þetta er ekki í fyrsta skiptið sem Tijana stígur á Eurovision-sviðið, þar sem hún var ein af bakraddasöngkonunum í framlagi Serba árið 2011. Tijana er einmitt hvað þekktust fyrir að vera bakraddasöngkona en hefur þó komið fram með hljómsveit sinni í gegnum tíðina og hefur nú ákveðið að efla sóló feril sinn. Teymið sem kemur að lagasmíðunum eru ekki neinir nýgræðingar þegar kemur að tónlist, en saman hafa þau samið tónlist fyrir tónlistarmenn á borð við Lady Gaga, Kelly Clarkson og Mary J Blige. Gengi Serba í keppninni hefur verið frekar gott en þeim hefur tekist að sigra einu sinni og komist upp úr undankeppninni sjö sinnum af þeim níu sem þeir hafa tekið þátt.



Lagið er þrusu sterkt, top 10 track! Er mjög hrifinn af versunum, þá sérstaklega synthanum sem hljómar eins og vocal sample. Hún er með mikla og sterka rödd sem mun pottþétt tækla live-flutninginn mjög auðveldlega. Hlakka til að sjá þetta lag í keppninni í ár. Ekki skemmir fyrir að þetta lag minnir mig á á Runnin sem Beyoncé söng fyrir Naughty Boy, en það er klassa lag.
- Júlí Heiðar Halldórsson





## SLÓVENÍA

**Titll: On My Way**
**Flytjandi: Omar Naber**
**Lag/Texti: Omar Naber**

Líkt og síðustu ár var framlag Slóvena valið í gegnum keppnina EMA. Eftir tvær undankeppnir og úrslitakeppni var það hinn 35 ára gamli Omar Naber sem stóð uppi sem sigurvegari með sitt eigið lag On My Way. Omar er ekki ókunnugur Eurovision því hann tók þátt fyrir hönd Slóvena árið 2005, einmitt þegar keppnin var haldin síðast í Úkraínu og þá einnig með sína eigin lagasmíð. Omar kom fyrst fram á sjónarsviðið í Slóveníu eftir að hafa unnið hæfileikakeppni í heimalandinu sem veitti honum þátttökurétt í fyrrnefndi EMA árið 2005. Síðast tókst honum ekki að komast í úrslitin en nú kemur hann fílefldur til baka. Gengi Slóvena hefur verið upp og niður, en þeim hefur einungis tekist að komast fjórum sinnum í úrslitin síðan 2004.



Góð falleg gamaldags ballaða eins og mér líst alltaf vel á. Strákurinn syngur mjög vel og lagið er sterkt en kannski meira fyrir 1997 frekar en 2017. Hann á eftir að fljúga áfram á lokakvöldið en svo floppa, held ég... 7/10
- Charles Gittins

You've all been very kind, but I made up my mind.
Now I'm about to leave you all behind.
I'm feeling so alone. I'm turning down my tone.
Before the rise of sun I will be gone.

On my way. I'm never coming back.
And I'll pray I'm never gonna crack.
World is calling out tonight,
telling me I'll be alright.

Lights will guide you through the night.
Still hiding in my shell and keeping to myself.
I cannot count on anybody else.
I'm burning deep inside. I'm giving up the fight.
Before the break of dawn I will be gone.

On my way. I'm never coming back.
And I'll pray I'm never gonna crack.
World is calling out tonight,
telling me I'll be alright.

A veces cuesta decir todo lo que uno piensa
A veces la vida causa estragos sin que te des cuenta
A veces parece que es como una melodía
Frustrada y perdida no nos deja ver la luz del día

Do it for your lover, do it for your lover babe, clap your hands and do it for your lover.
Do it for your lover, do it for your lover babe, clap your hands and do it for your lover,
Do it for your lover, do it for your lover,
Do it for those you ever care and love

Coge mi mano, no cierres esa puerta
Deja que el dolor y la tristeza desaparezcan
Así que pega un grito, sal ahí y vuela
Y verás que por los tuyos siempre vale la pena

Así que
(Viðlag)

Just do it, just do it, just do it for your lover
Just do it, just do it, just do it for your lover,
Just do it, just do it, just do it for your lover
Just do it just do it, just do it for your lover.

(Viðlag)





## SPÁNN

**Titill: Do It For Your Lover**
**Flytjandi: Manel Navarro**
**Lag/Texti: Manel Navarro og Antonia Rayo "Rayito"**

Spánverjar völdu sitt framlag í gegnum keppnina Objetivo Eurovisión og eftir mikið drama-kvöld var það hinn 21 árs gamli Manel Navarro sem stóð uppi sem sigurvegari. Dramað fólst í því að eftir stigin frá dómnefndum og áhorfendum höfðu verið sameinuð voru tvö lög með jafnmörg stig. Reglur spænsku keppninnar voru á þann veg að ef jafntelji yrði niðurstaðan þá myndi dómnefndin skera úr um sigurvegara. Dómnefnd valdi Manel fram yfir Marelu, sem hafði sigrað símakosninguna, og fór það eitthvað illa í aðdáendur heima fyrir. Þrátt fyrir mótmæli heima fyrir, sem náðu alla leið inn á borð spænska þingsins, standa úrslitin og mun Manel vera fulltrúi Spánverja í Kænugarði. Spánn er ein af þjóðunum sem þurfa ekki að fara í gegnum undankeppnirnar og mun því fara beint í úrslitin.



Do it for your lover... Ég fæ bara grænar og ræð ekkert við það. Synd. Lagið er ekkert hræðilegt. Upbeat svona suðræn stemning, á frekar sterílan ljósritunarhátt. Ég gæti mögulega dillað mér við það ef ég fengi ekki hroll um allan líkamann þegar ég heyri titillínuna. Ég stórefa að Spánverjar séu að fara að gera einhverjar gloríur með þessu í Kænugarði. Þetta er framlag sem mun gleymast í flórunni.
- Sigrún Huld





## SVARTFJALLALAND

**Titill: Space**
**Flytjandi: Slavko Kalezić**
**Lag/Texti: Momčilo Zeković Zeko/Adis Eminić, Iva Boršić og Momčilo Zeković Zeko**

Svartfellingar völdu lag sitt innbyrðis í ár og féll það í skaut hins 31 árs gamla Slavko Kalezić að syngja framlag Svartfjallalands að þessu sinni. Slavko er þekktur í heimalandi sínu fyrir störf sín hjá þjóðleikhúsi Svartfellinga, en þar hefur hann starfað síðan 2008. Hann útskrifaðist sem leikari, með sérhæfingu í dansi og söng, frá Faculty of Dramatic Arts árið 2007 og hóf svo framhaldsnám árið 2009. Slavko öðlaðist einnig mikla athygli við þátttöku sína í X Factor Adria árið 2013, þrátt fyrir að hafa ekki komist í beinu útsendingarnar. Í kjölfarið gaf hann út sína fyrstu sólóplötu, San o vječnosti, sem kom út árið 2014. Svartfellingar tóku fyrst þátt árið 2007 en hafa einungis komist í úrslitin tvisvar sinnum, árið 2014 og 2015.



Ágætis danslag en þetta er eiginlega búið strax í byrjun þegar hann syngur um blautu draumana sína... Aðeins of mikið verið að reyna að vera sexí fyrir minn smekk og ég fæ massívan kjánahroll yfir þessari ofurlöngu fléttu sem hann sveiflar um eins og svipu. Held hann komist ekki upp úr undankeppninni, blessaður, þó hann sé nú voða sætur.
- Erna Hrönn

Linen is covered with feathers
Wet dreams, wild nightmares, I surrender
Come into me from within
We can be as one in the sin

The spaceship is ready to blow
Drunk in love, I'm gonna explode
Be my Bonnie, will mix and match with Clyde
Let's explore this galaxy of stars

I have my suit on, no need to worry
Give me your body, let's write a story
Our body language,
Rocket to the stars

Show me your superpowers
I'm Venus and Mars of the hour
I'll protect you if you come my way
Let's soar through the Milky Way

Takin' off, we're takin' off, takin' off
In space we can be as one

Like a bullet in my chest
You're written, bound and etched
Forever in my mind

We are fading in our hands
Lost somewhere in wasteland
Not knowing up from down

But when the walls are caving in
The world keeps turning
We got the love
We got to love

No I will never let you go
All the walls won't make me fold
It is never easy
I follow you Apollo
No I will never let you go
Give it time and we will grow
Ain't no fun in easy
I follow you Apollo
I follow you Apollo

I wear my heart on my sleeve
You do the same for me
When autumn comes around

So when the walls are caving in
The world keeps turning
We got the love
We got to love

(Viðlag)

So don't pull the rug from underneath us
We're in trouble but we got the love
Don't pull the rug from underneath us
Crashing down fast, as fragile as glass
But what are we now
If we never tried?
What are we now?

I will never let you go
Give it time and we will grow
It is not supposed to be easy

(Viðlag)



## SVISS

**Titill: Apollo**
**Flytjandi: Timebelle**
**Lag/Texti: Elias Näslin, Alessandra Günthardt og Nicolas Günthardt**

Framlag Svisslendinga var valið í gegnum keppnina Die Entscheidungsshow og eftir eina úrslitakeppni þar sem 100% símakosning réði úrslitum var það hljómsveitin Timebelle sem stóð uppi sem sigurvegari. Timebelle samanstendur af tveimur Rúmenum, söngkonunni Miruna Manescu og píanóleikaranum Emanuel Daniel Andriescu, og svissneska trommuleikaranum Samuel Foster. Svisslendingar voru fyrstir til að velja sitt framlag en það var valið í byrjun desember á síðasta ári. Tríóið sem liggur á bakvið lagasmíðina vinnur út frá Stokkhólmi í Svíþjóð og hefur meðal annars unnið með sænsku söngkonunni Mariette og kom að framlagi Azerbaijan árið 2013. Svisslendingar hafa ekki riðið feitum hesti síðustu árin, en þeim hefur einungis þrisvar sinnum tekist að komast í úrslitin síðan 2004, síðast árið 2014.



Fallegt lag en það hristir engar fjaðrir. Dæmigert útvarpslag, ég myndi ekki skipta um stöð en tæki ekkert sérstaklega eftir því. Væri til í að sjá meiri kraft í útsetningunni.
- Anna Sigríður Hafliðadóttir



## SVÍÞJÓÐ

**Titill: I Can't Go On**
**Flytjandi: Robin Bengtsson**
**Lag/Texti: David Krueger, Hamed "K-One" Pirouzpanah og Robin Stjernberg**

Líkt og síðustu ár var framlag Svía valið í gegnum hið vinsæla Melodifestivalen. Eftir 4 undankeppnir, eitt 'Andra chansen' og loks úrslitakeppni var það hinn 26 ára gamli Robin Bengtsson sem stóð uppi sem sigurvegari. Robin er ekki alls ókunnur Eurovision en hann tók þátt í undankeppninni heima fyrir árið 2016 þar sem hann lenti í 5. Sæti. Hann kom fyrst fram á sjónarsviðið í sænsku útgáfunni af Idol árið 2008 aðeins 17 ára gamall. Einn af höfundum lagsins er heldur ekki ókunnur Eurovision, en hann Robin Stjernberg keppti einmitt fyrir hönd Svíþjóðar á heimavelli í Malmö 2013. Hinir tveir meðhöfundar Stjernberg voru svo partur af teyminu sem stóð á bakvið framlag Svía 2014, Undo. Það er því ljóst að miklir reynsluboltar eru á bakvið framlag Svía í ár. Svíum hefur gengið mjög vel í keppninni síðustu árin og eru einungis einum sigri frá að jafna met Íra, 7 skipti, yfir flest sigurlög í Eurovision.



Sweden knows the job! Another potential winner and surely a top5 finish from the masters of Eurovision. It's looking fucki... I'm sorry, I mean "freaking" beautiful!
- Dekel Ben Avi

I can't go on
I can't go on
Gotta keep it together
Don't get me wrong
Don't get me wrong
Cause baby you make me better
Hey
With just one look you make me shiver
I just wanna take you home
Wanna go OH
Yeah I wanna go OOH
Now girl you make me a believer
I wanna take off all my clothes
wanna go OH
You make me wanna go OH

I just can't go on no more
When you look this freakin´ beautiful
ooh
Hands down to the floor my love
And I'm doing
Whatever you want

I can't go on I can't go on
When you look this freakin´ beautiful
I can't go on I can't go on
When you look this f freakin´ beautiful

You've got me good
You've got me good
And I'm not going nowhere
Right in your hook
That's understood
But Im take you to somewhere

I just can't go on no more
When you look this freakin´ beautiful
Hands down to the floor my love
And I'm doing
Whatever you want

(Viðlag)

So freakin´ beautiful
Baby I just can´t go on

(Viðlag)

So freakin´ beautiful
Baby I just can´t go on

From the very very first time I saw you
You were my home, you were home,
you were my home,

Now that you are falling, let me be
your calling, be your one prayer, keep
away the bad things
In this moment let me give to you what
you've given to me, that's the least I
can do

Baby it's you
Every time I close my eyes
It's always been you
Heaven knows that I'll be waiting
always by your side
Baby it's you
Every time that I was down
You were there to fix me up
You were there to pick me up
Now it's my turn

From the billion hearts to choose
between
Oh I was your choice, I was your choice,
so let me be your salvation and joy

You know that I love it when you call,
just to say hello, oh oh
Will you let me hear it, once more



## TÉKKLAND

**Titill: My Turn**
**Flytjandi: Martina Bartá**
**Lag/Texti: DWB og Kyler Niko**

Tékkar gáfu út fyrir keppnina í fyrra að ef þeir myndu ekki komast í úrslitin þá myndu þeir hætta keppni. Þeim tókst þó að komast í úrslitin í fyrsta skiptið og eru því með í ár. Að þessu sinni var framlag Tékka valið innbyrðis af tékkneska sjónvarpinu og féll það í skaut hinnar 28 ára gömlu jazz-söngkonu Martinu Bárta að vera fulltrúi Tékklands í ár. Martina hefur vakið mikla athygli í jazz-senunni í Þýskalandi en hún  lærði tónlist við Jazz Institute Universität der Künste í Berlín, og hefur skipt tíma sínum á milli Berlínar og Prag síðan hún útskrifaðist. Tékkar tóku fyrst þátt árið 2007 en tókst ekki að komast í úrslitin þrjú ár í röð, og tóku sér pásu eftir að hafa fengið 0 stig í undankeppninni árið 2009. Tékkar komu aftur 2015 og tókst svo að komast í úrslitin í fyrsta skiptið í fyrra, eins og áður sagði.



Fallegt lag með fallegum texta og grípandi viðlagi. Er strax byrjaður að sönglа það. Röddin hennar Martinu er æðislega djúp og sterk á sama tíma.
- Aron Brink



## UNGVERJALAND

**Titill: Origo**
**Flytjandi: Jocie Pápai**
**Lag/Texti: József Pápai**

Framlag Ungverja var valið í gegnum þeirra árlegu undankeppni A Dal. Keppnin var mjög viðamikil og eftir þrjá undanriðla, tvær undankeppnir og svo ein úrslit var það hinn 35 ára gamli Joci Pápai sem stóð uppi sem sigurvegari með sína eigin lagasmíð. Joci kemur úr mikilli tónlistarfjölskyldu, en faðir hans var aðalsprautan í vinsælu sígaunabandi í heimalandinu. Ungverska lagið í ár er einmitt undir miklum áhrifum sígaunatónlistarinnar sem Joci ólst upp við og segir hann sjálfur að lagið sé blanda af klassískri sígaunatónlist og popptónlist samtímans. Ungverska lagið er eitt af fáum lögum í ár sem ekki er sungið á ensku, en textinn er að stærstum hluta á ungversku ásamt því að í viðlaginu er notast við þekkt orðatiltæki úr tungumáli Róma-fólks.



Not many songs have the "ethnic" feeling this year, and first I thought that this is a nice and different break between all the ballads and ordinary pop songs. I like the instrumental part and the chorus. But like Bosnia Herzegovina last year, it's a BIG fail to think that a rap will make the song better. It really does not. Actually it makes a kind of likeable song, not so likable anyway.
- Kristoffer Wiedeman

Be kell csuknod a szemed
Úgy láthatsz meg engemet
Hogy meg hódítsad a szívem
Ismerned kell lelkemet
Ha nem kellek hadd menjek
Hisz csavargónak születtem
Kínlódtam már eleget
De az isten lát engem, lát engem

Jálomá lommá, jálomá lommá
Jálomá lommá lomalom
Jálomá lommá, jálomá nédinná
Jálomá lommá, lomálom

Mért hazudtad azt nekem
Hogy nem számít a színem
Tudtad barna a szemem
Sosem változik bennem
Nem kérek már belőled
Menj el innen hagyj engem
Ne is lássalak téged
Átkozott légy örökre, örökre

(Viðlag)

Engem 4 évesen megszólított az Isten
Egy igazi fegyvert adott a kezembe
Tudtam, csak ő vigyázhat rám
Többet gyakoroltam vele mint, egy
szamuráj
Benne bízhatok, mindig az igazat
mondja
Vele sírhatok, de az utat mutatja
Ez egy olyan szövetség ami marad
örökké
Fel nem áldozható, ő a legfőbb
kincsem
Sejtelmes erők laknak a gyerekbe
Félnek tőle, látszik a szemekben
A húrjaim támadnak, sírnak a testekbe
Hiába is véded ki, méreg a hangszerbe
Nagy tömegeket itattam át vele
Hallod a dallamom, már tudod a
nevemet!
Hosszú az út, sebek a hátamon
Ezrek könnyei folynak a gitáromon!

(Viðlag)

Slow down
Give me some time
Turn down
The volume of your cry
Let,s take time to find
A place without violence
Let's listen and hear
The true meaning of silence

Time to look
Time to see
Time to find
Time to look into your eyes
Time to find truth
Time against the lies
Time will give us a sign
I can make a promise
It's our time to shine

Just listen
Take a look around
Stop missing
The things you haven't found
You will realize
There's no common ground
There's no compromise
Between the time and sound

Time to look
Time to see
Time to find
Time to look into your eyes
Time to find truth
Time against the lies
Time will give us a sign
I can make a promise
It's our time to shine

Time to look
Time to see
Time to find
Time to look into your eyes
Time to find truth
Time against the lies
Time will give us a sign
I can make a promise
It's our time to shine





## ÚKRAÍNA

**Titill: Time**
**Flytjandi: O.Torvald**
**Lag/Texti: Zenia Galych og Denys Miziuk/Kamenchuk Yevhen**

Úkraínumenn eru á heimavelli þetta árið og var framlag þeirra valið í gegnum undankeppni þar í landi. Eftir þrjár undankeppnir og úrslitakeppni, þar sem úrslit voru ráðin með blöndu af dómnefnd og símakosningu, var það rokk-bandið O.Torvald sem stóð uppi sem sigurvegari. Bandið lenti reyndar í öðru sæti bæði hjá dómnefnd og hjá áhorfendum, en þegar stig voru samanlögð var bandið með flest stig. Bandið var stofnað í bænum Poltava árið 2005 en árið 2006 ákváðu hljómsveitarmeðlimirnir að færa sig um set yfir til Kænu-garðs til að geta náð til stærri hóps hlustenda. Bandið hefur síðan þá gefið út 5 plötur og byggt upp stóran og tryggan aðdáendahóp. Lagið er samið af tveimur meðlimum hljómsveitarinnar rétt eins og flest lögin sem hljómsveitin hefur gefið út.



Finnst ekkert varið í það enda bara hardcore rokk. Ég fatta samt alveg skilaboðin sem eru send (Rússunum) með því að senda sterka og háværa einstaklinga sem láta ekki vaða yfir sig (sjálfstæðið bla bla).
- Bjarki Aron Krisjánsson





## ÞÝSKALAND

**Titill: Perfect Life**
**Flytjandi: Levine**
**Lag/Texti: Lindy Robbins, Dave Bassett og Lindsey Ray**

Framlag Þjóðverja var að þessu sinni valið í gegnum undankeppnina Unser Song 2017. Keppnin fór þannig fram að valið stóð á milli fimm söngvara og tveggja laga, hver söngvari söng bæði lögin og voru það því 10 atriði sem kepptust um að vera fulltrúi Þjóðverja í ár. Eftir þrjár umferðir voru tvö atriði eftir en bara einn söngvari, hin 25 ára gamla Levine var í rauninni í „súper-final" með sjálfri sér. Eftir símakosning var það lagið Perfect Life í flutningi Levine sem vann með þó nokkrum yfirburðum. Höfundar lagsins samansten-dur af teymi frá Bandaríkjunum en einn meðlimur þess, Lindsey Robbins, hefur samið tónlist fyrir marga heimsþekkta tónlistarmenn, þar á meðal Back-street Boys, David Guetta og Demi Lovato. Þjóðverjar búa yfir þeim vafasama heiðri að hafa lent í síðasta sæti núna tvö ár í röð og vonast eflaust til þess að Levine nái betri árangri í ár.



Því miður verð ég að vera neikvæður gagnvart þýska framlaginu í ár. Þeir senda alveg ágætis söngkonu, hún er falleg og hefur góðan þokka en lagið er að mínu einstaklega flatt og leiðinlegt. Það flýtur í gegnum heilann og skilur ekkert eftir nema þá staðreynd að ég gleymdi að ég væri að hlusta á það og fór á klósettið. Svo virðist sem að Þjóðverjar stefni í þriðja árið í röð á neðsta sætið.
- Ránar Jónsson

I come alive
Inside the light of the unexpected
Maybe I thrive
Outside the comfort zone
What is a prize without a fight
Yeah I got addicted
To what I thought I wanted
And all along

I've been walking asleep
Dreaming awake
Finding I bend but I don't break
Almost a sinner
Nearly a saint
Finding with every breath I take
I'm not afraid
Of making mistakes
Sometimes it's wrong before it's right
That's what you call a perfect life

Gathering thorns from the stems of a thousand roses
Weathering storms on the long way home
I look for the sweet in every bitter moment tasted
In every last mistake I see the other side

I've been walking asleep
Dreaming awake
Finding I bend but I don't break
Almost a sinner
Nearly a saint
Finding with every breath I take
I'm not afraid
Of making mistakes
Sometimes it's wrong before it's right
That's what you call a perfect
That's what you call a perfect
That's what you call a perfect life

I've been walking asleep
Dreaming awake
Finding I bend but I don't break
Almost a sinner
Nearly a saint
Finding with every breath I take
I'm not afraid
Of making mistakes
Sometimes it's wrong before it's right
That's what you call a perfect
That's what you call a perfect
That's what you call a perfect life




**Fréttabréf FÁSES fékk eftirfarandi viðtal sent frá Sveini Rúnari Sigurðssyni, einum af félögum FÁSES. Þar fá ólíkir persónuleikar hans að taka viðtal hverjir við aðra; aðdáandinn, tónlistarmaðurinn og læknirinn. Okkur fannst það alveg tilvalið þar sem hann fékk ekki að taka viðtal við sjálfan sig í Söngvakeppninni í ár sem lagahöfundur lagsins Tonight.**



Sveinn Rúnar, FÁSES-félagi:
Sæll Sveinn og takk fyrir að gefa þér tíma í smá spjall fyrir fréttabréf FÁSES.

Sveinn Rúnar, tónlistarmaður:
Sjálfsagt.

Sveinn Rúnar, FÁSES-félagi:
Segðu mér Sveinn… nú ertu einn færasti píanóleikari landsins, þú semur himneska tónlist og þú hefur þennan X-factor kynþokka sem þarf til að þess að slá í gegn á heimsvísu, hefur aldrei komið til álita að syngja lögin sjálfur?

Sveinn Rúnar, tónlistarmaður:
Jú jú, en akkilesarhæll minn er hins vegar sá að ég er ekki með neitt sérstaklega áheyrilega rödd.

Sveinn Rúnar, FÁSES-félagi:
Það kann að vera, en þú myndir klárlega selja fullt af SMS-um með smá face tíma í kameruna… je minn eini.

Sveinn Rúnar, tónlistarmaður:
Var þetta spurning?

Sveinn Rúnar, FÁSES-félagi:
Já afsakið, það er bara ekki á hverjum degi sem ég tala við höfund 15 júróvisionlaga. Semur þú lögin þín sérstaklega fyrir júróvision?

Sveinn Rúnar, tónlistarmaður:
Já, oftast nær. Ég finn mér gott mótív, hef tiltekinn söngvara í huga frá upphafi. Það er mikilvægt að hlusta vel á það sem viðkomandi hefur gert til ná fram því besta í röddinni.

Sveinn Rúnar, FÁSES-félagi:
Útsetur þú lögin sjálfur?

Sveinn Rúnar, tónlistarmaður:
Já, ég á stúdíó sem ég nota eingöngu fyrir mína vinnu. Sökum tímaskorts er ég eiginlega bara að vinna að tónlist að næturlagi.

Sveinn Rúnar, FÁSES-félagi:
Segðu mér, hvað veldur því að lög þín verða gjarnan vinsælustu lög landsins án þess að vinna?

Sveinn Rúnar, tónlistarmaður:
Já, góð spurning. Ég veit ekki hvað það er. Ef til vill er lítið lýðræði fólgið í því að mega kjósa mörgum sinnum. Annars skipta viðtökur lagsins mig meira máli en sigur.

Sveinn Rúnar, FÁSES-félagi:
Skil þig, og til hamingju með að eiga besta lagið í ár. Ég hefði dillað mér meir á dansgólfinu í hvert sinn ef ég væri ekki með einhver óþægindi yfir rassinum.

Sveinn Rúnar, læknir:
Ekki málið vinur, farðu úr buxunum og leggstu hérna á bekkinn hjá mér. Við skulum kíkja á þetta.

# L'Islande, douze points!

Núverandi stigakerfi í Eurovision, 12-stiga kerfið, var kynnt til sögunnar árið 1975 og hefur það haldist óbreytt í grunnatriðum þótt keppnin hafi tekið nokkrum stakkaskiptum með tilkomu símakosningar, undankeppna og blöndu símakosningar og dómnefndakosningar.

Samkvæmt reglum EBU skulu dómarar raða öllum lögunum í sæti og taka tillit til flutnings, framsetningar á sviði, lagasmíðar, frumleika og heildaráhrifa sem atriðið skilur eftir sig. Niðurstöður dómaranna eru svo lagðar saman og þannig fæst endanleg röð dómnefndarinnar. Ef tvö eða fleiri lög eru jöfn í samanlagðri uppröðun dómara er gripið til svipaðra útreikninga og notaðir voru til að skera úr um sigurvegara í jafnteflinu árið 1991. Það lag sem oftar er raðað hærra hjá dómurum raðast ofar í samanlagðri röð.

Frá árinu 2009 hafa úrslit fengist með 50% vægi símakosningar á móti 50% vægi dómnefnda. Allt fram til síðasta árs var stigagjöf frá hverju landi reiknuð með því að leggja saman röð dómnefndar og röð úr símakosningu. Ef tvö eða fleiri lög voru jöfn í samanlagðri röð fékk símakosning aukið vægi.

Í fyrra var hins vegar gerð breyting á kerfinu í þeim tilgangi að auka spennuna í stigagjöfinni þannig að úrslitin yrðu ekki ljós fyrr en alveg í blálokin. Niðurstöðum símakosningar og dómnefnda var skipt upp þannig að vægið varð í raun 100% dómnefndakosning og 100% símakosning og fyrir vikið var sett hressilegt stigamet. Stigakynnir hvers lands kynnti niðurstöður dómnefndar síns lands en niðurstöðum símakosningar var haldið leyndum þar til eftir að stig frá öllum dómnefndum höfðu verið tilkynnt. Þá var það í höndum kynnanna, Måns og Petru, að lesa upp samanlagðan stigafjölda úr símakosningu fyrir hvert land og byrjað á því landi sem fékk fæst stig.

Til að byrja með þótti vafalaust mörgum þetta fyrirkomulag frekar undarlegt, og jafnvel kjánalegt, þegar byrjað var að lesa upp þann stigafjölda sem stigalægsta landið fékk, Tékkland: 0 stig. En eftir því sem á leið jókst spennan á toppnum og áhorfendur urðu vitni að því að dómnefndir og álit almennings fara ekkert endilega saman. Eftir að stig dómnefnda höfðu verið lesin upp var Pólland t.d. í næstneðsta sæti með aðeins 7 stig en þegar aðeins 3 efstu löndin í símakosningu áttu eftir að fá sín stig breyttist staðan verulega. Pólverjar fengu þá 222 stig og enduðu í 8. sæti.

Mikil áhersla var lögð á að þessi breyting væri aðeins breyting á birtingarformi, almenningur kysi á sama hátt og áður. „Bear in mind, nothing has been changed in how you vote. The only difference is in how we present the winner," sagði Petra í beinni útsendingu.

En breytingin hafði áhrif á meira en birtingarformið, niðurstöðurnar breyttust líka. Gamla kerfið reiknaði eitt sett af stigum út frá meðaltali og þess vegna gat sú staða komið upp að lag sem dómnefnd setti í neðsta sæti og símakosning í efsta sæti kæmist á blað. Til þess að flækja hlutina enn frekar hefði einnig getað komið upp sú staða að lag í 9. sæti í símakosningu og 10. sæti hjá dómnefnd væri samanlagt í 1. sæti og fengi þar með 12 stig. Stigataflan til hliðar er tilbúningur en sýnir hvernig meðaltalsreglan gat endað fjarri bæði niðurstöðu símakosningar og dómnefndar.

Lög sem dómnefndin setti í 1.-8. sæti hefðu ekki komist á blað og röð laga í 1.-9. sæti í símakosningu hefði snúist við.

Ef gömlu reikniaðferðunum hefði verið beitt á keppni síðasta árs hefðu úrslitin orðið önnur og förinni væri ekki heitið til Úkraínu. Dami Im frá Ástralíu hefði sigrað með nokkrum yfirburðum, Úkraína hefði lent í 2. sæti, Rússar og Búlgarar hefðu eftir sem áður lent í 3. og 4. sæti en Frakkar hefðu skotist upp fyrir Svía í 5. sæti.

| | Símakosning (röð) | Dómnefnd (röð) | Samtals (röð) | Stig |
|---|---|---|---|---|
| Ísland | 9 | 10 | 19 | 12 |
| Danmörk | 8 | 12 | 20 | 10 |
| Noregur | 7 | 14 | 21 | 8 |
| Svíþjóð | 6 | 16 | 22 | 7 |
| Finnland | 5 | 18 | 23 | 6 |
| Eistland | 4 | 20 | 24 | 5 |
| Lettland | 3 | 22 | 25 | 4 |
| Litháen | 2 | 24 | 26 | 3 |
| Portúgal | 1 | 26 | 27 | 2 |
| Spánn | 18 | 9 | 27 | 1 |
| Frakkland | 19 | 8 | 27 | |
| Ítalía | 20 | 7 | 27 | |
| San Marínó | 21 | 6 | 27 | |
| Malta | 22 | 5 | 27 | |
| Grikkland | 23 | 4 | 27 | |
| Holland | 24 | 3 | 27 | |
| Belgía | 25 | 2 | 27 | |
| Þýskaland | 26 | 1 | 27 | |
| Austurríki | 17 | 11 | 28 | |
| Sviss | 16 | 13 | 29 | |
| Króatía | 15 | 15 | 30 | |
| Slóvenía | 14 | 17 | 31 | |
| Bosnía-Hersegóvína | 13 | 19 | 32 | |
| Serbía | 12 | 21 | 33 | |
| Svartfjallaland | 11 | 23 | 34 | |
| Pólland | 10 | 25 | 35 | |






Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9
Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn @penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is
Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Stigatafla FÁSES 2017

Hver er bestur í fjölskyldunni eða vinahópnum að spá fyrir um gengi laga í Eurovision? Hakaðu við þau lönd sem þú heldur að komist áfram og láttu vini eða fjölskyldu líka taka þátt. Þú færð 1 stig fyrir hvert land sem kemst áfram.

## Fyrri undankeppni - 9. maí

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| Svíþjóð | | | | |
| Georgía | | | | |
| Ástralía | | | | |
| Albanía | | | | |
| Belgía | | | | |
| Svartfjallaland | | | | |
| Finnland | | | | |
| Aserbaídsjan | | | | |
| Portúgal | | | | |
| Grikkland | | | | |
| Pólland | | | | |
| Moldóva | | | | |
| Ísland | | | | |
| Tékkland | | | | |
| Kýpur | | | | |
| Armenía | | | | |
| Slóvenía | | | | |
| Lettland | | | | |
| Samtals rétt: | | | | |

## Seinni undankeppni - 11. maí

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| Serbía | | | | |
| Austurríki | | | | |
| Makedonía | | | | |
| Malta | | | | |
| Rúmenía | | | | |
| Holland | | | | |
| Ungverjaland | | | | |
| Danmörk | | | | |
| Írland | | | | |
| San Marínó | | | | |
| Króatía | | | | |
| Noregur | | | | |
| Sviss | | | | |
| Hvíta-Rússland | | | | |
| Búlgaría | | | | |
| Litháen | | | | |
| Eistland | | | | |
| Ísrael | | | | |
| Samtals rétt: | | | | |

Leikmenn:

A: ____________________

B: ____________________

C: ____________________

D: ____________________

# Stigagjöf í úrslitakeppni

Fylltu inn nöfn landanna í listanum þegar keppnisröð er komin á hreint. Skrifaðu svo í hvaða sæti þú heldur að hvert land lendi.

- Eitt stig fæst fyrir hvert rétt sæti.
- Eitt stig fæst fyrir hvert land sem þú spáir í topp 10 og endar í topp 10 í úrslitakeppninni.

## Úrslitakeppni - laugardaginn 13. maí

| | | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | | | | | |
| 2. | | | | | |
| 3. | | | | | |
| 4. | | | | | |
| 5. | | | | | |
| 6. | | | | | |
| 7. | | | | | |
| 8. | | | | | |
| 9. | | | | | |
| 10. | | | | | |
| 11. | | | | | |
| 12. | | | | | |
| 13. | | | | | |

| | | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|---|
| 14. | | | | | |
| 15. | | | | | |
| 16. | | | | | |
| 17. | | | | | |
| 18. | | | | | |
| 19. | | | | | |
| 20. | | | | | |
| 21. | | | | | |
| 22. | | | | | |
| 23. | | | | | |
| 24. | | | | | |
| 25. | | | | | |
| 26. | | | | | |

## Heildarstig leikmanna

| | A | B | C | D |
|---|---|---|---|---|
| Fjöldi stiga úr fyrri forkeppni ............ | | | | |
| Fjöldi stiga úr seinni forkeppni ............ | | | | |
| Fjöldi stiga fyrir rétt sæti í úrslitakeppni ............ | | | | |
| Fjöldi stiga fyrir lönd í topp 10 í úrslitakeppni ............ | | | | |
| | | | | |


UEFA
WOMEN'S
EURO 2017
THE NETHERLANDS
EM KVENNA
16. JÚLÍ - 6. ÁGÚST
RÚV ÍÞRÓTTIR